

Nd.

351. Nefndarálit

um frv. til íþróttalaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Ég undirritaður hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls.

Nefndinni hefir horizt erindi það frá Íþróttasambandi Íslands, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal. Ég tel ekki fært að haga löggjöf um íþróttamál (ef hún annars þykir nauðsynleg) svo, að gengið sé gegn óskum Í. S. Í. í meginatriðum og legg því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórninni takist að ná fullu samkomulagi við Íþróttasamband Íslands um íþróttalöggjöf, telur deildin rétt að fresta lagasetningu um þetta efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1939.

Pétur Halldórsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 2. apríl 1939.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttengið frá yður 14. marz s.l. „Frumvarp til íþróttalaga“, nr. 37 árið 1939, til umsagnar og athugunar.

Eftir að hafa haldið nokkra fundi um frumvarpið og athugað það gaumgæfilega höfum vér komið að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að gera eftirtaldir breytingar á frumvarpinu:

1. Að Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) verði ákveðinn eini viðurkenndi (lögverndaði) aðilinn fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, bæði inn á við og út á við.

Ástæða vor fyrir þessu er sú, að Í. S. Í., sem stofnað er fyrir rúmum 27 árum síðan, eða þann 28. janúar 1912, af frjálsum samtökum ýmsra íþróttafélaga, hefir alla tíð, og eingöngu, unnið að framgangi íþróttamála í landinu. En markmið Í. S. Í. er:

að auka félögum, sem í því eru, afl og samtök, með því að félögin lúti öll sömu yfirstjórn og hliti einum allsherjarreglum um allt það, sem að líkamsíþróttum lýtur.

að vera fulltrúi Íslands í öllum íþróttamálum gagnvart öðrum þjóðum, og

að styðja eftir megni íþróttir og allt það, sem horfir til líkamlegrar og andlegrar orku hinnar íslensku þjóðar.

Að framanrituðu markmiði hefir Í. S. Í. unnið sleitulaust alla tíð, og vonum vér, að háttvirt Alþingi líti svo á, að þessi frjálsa íþróttastarfsemi Í. S. Í. hafi tekizt vonum frammar, þegar allar aðstæður eru teknar til greina, og eins hinir fjárhagslegu erfiðleikar Sambandsins.

Þar sem nú háttvirt Alþingi hefir viðurkennt starfsemi Í. S. Í. með fjárveitingum sínum til Sambandsins, væntum vér og, að löggjafarvaldið vilji einnig lögvernda Í. S. Í. sem eina íþróttasamband landsins fyrir framangreint menningarstarf.

Þótt Samband ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.) hafi alla tíð, frá stofnun þess, unnið að íþróttaiðkunum meðal sambandsfélaga sinna, þá hefir U. M. F. Í. auk þess mörg önnur óskyld menningarmál á stefnuskrá sinni, sem ekki varða íþróttamálin sérstaklega, og ennfremur hafa á síðari árum risið upp landssambönd eða bandalög, sem einnig hafa íþróttir á stefnuskrá sinni, ásamt öðrum nytsemdarmálum, eins og t. d. Bandalag íslenskra skáta (B. Í. S.), og nú síðast farfuglahreyfingin. En þar sem Í. S. Í. er eina landssambandið, sem eingöngu hefir líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, og ekkert annað, þá litum vér svo á, að Í. S. Í. beri réttilega viðurkenning löggjafans sem eina lögverndaða íþróttasamband landsins, bæði inn á við og út á við, og þar sem bæði skátafélög og ungmennafélag eru innan Í. S. Í., þá hafa félögin með því sýnt og sannað, að þau viðurkenna nauðsyn sérstaks íþróttasambands, sem eingöngu fjalli um þessi málefni, og hafi það hlutverk með höndum, að samræma íþróttastarfsemina í landinu, bæði bóklega og verklega, og vera fulltrúi Íslands um öll íþróttamál. En sambandsfélög Í. S. Í. eru nú 95 að tölu, með um 12 þúsund félagsmenn viðsvegar um landið, og auk þess 15 íþróttaráð.

Loks má geta þess, að öll félög, sem hafa líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, verða að lúta lögum, reglugerðum og fyrirmælum Í. S. Í. um allt það, er að íþróttamótum, kappraunum og íþróttasýningum lýtur.

Framanritaða höfuðbreytingu á frumvarpinu leyfum vér oss að vænta, að háttvirt menntamálanefnd taki til athugunar og úrlausnar og breyti frumvarpinu í samræmi við hana.

Aðrar breytingartillögur á frumvarpinu, sem vér teljum afaræskilegar, eru þessar:

Við 1. gr. Á eftir orðunum „auka heilbrigði manna“ komi: og hreysti.

Við 2. gr. komi til viðbótar, á eftir orðunum „og íþróttanefnd,“: og íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.).

Við 3. gr. Við greinina bætist: Íþróttafulltrúanum ber að starfa í samvinnu (samráði) við Í. S. Í. um alla starfsemi viðvikjandi hinni frjálsu íþróttahreyfingu í landinu.

Við 4. gr. Á eftir orðunum í 1. málsg. „og jafnmörgum til vara“ komi: Íþróttanefndin skal skipuð til þriggja ára. Við 2. lið sömu greinar bætist: Ásamt Íþróttasambandi Íslands (Í. S. Í.). Við 3. lið sömu greinar bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi, skulu gerðar í samráði við Í. S. Í., og við síðustu málsg. þessarar greinar, 3. lið, á eftir orðunum „en á þar eigi atkvæðisrétt“ strikist út þessi orð: „nema hann sé skipaður í nefndina“. En síðan kemur óbreytt: „Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd“.

Við 6. gr. Við greinina bætist: Allar styrkveitingar til sambandsfélaga Í. S. Í. skulu veittar í samráði við Í. S. Í.

Við 7. gr. 1. liður orðist svo: Í. S. Í. gerir tillögur um fjárstyrk til sambandsfélaga sinna.

Við 9. gr. bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, skulu sendar Í. S. Í. til umsagnar og samþykktar.

Við 14. gr. bætist: og skal sú kennsla vera samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.

Við 16. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: „Skólanemendum er óheimilt“ komi: Nemendum barnaskóla, sem hafa fullnægjandi íþróttakennslu í skólunum, er óheimilt að stunda íþróttæfingar í félögunum utan skólanna, — o. s. frv. óbreytt.

Við 20. gr. bætist: Áhugamanna þjálfkennurum skal heimilt að kenna íþróttir innan vébanda Í. S. Í., að fengnu samþykki stjórnar Í. S. Í.

Við 24. gr. Í stað orðanna: „Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru“ o. s. frv. komi: Viðurkennt landssamband íþróttafélaga er **Íþróttasamband Íslands** (Í. S. Í.). — Áframhald setningarinnar falli niður. Þvi næst komi málsgreinin óbreytt: „Í íþróttamálum kemur Í. S. Í. fram af Íslands hálfu o. s. frv.“

Við 26. gr. 3. liður orðist svo: Félögin séu í Í. S. Í. og greiði sambandinu tilskilin gjöld, sendi árlega fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul. Í stað „og getur íþróttanefnd ákveðið“ í 4. lið sömu gr., komi: og getur Í. S. Í. ákveðið, að enginn megi taka þátt í keppni, o. s. frv. (óbreytt).

Við 30. gr. Á eftir orðunum: „til úrskurðar íþróttanefndar“ bætist: eða Í. S. Í., sé um íþróttafélög að ræða, nema svo sé vaxinn, o. s. frv. (óbreytt).

Skýring: Þar sem hér að framan er rætt um íþróttafélög, er átt við öllu þau félög, sem hafa að einhverju leyti líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, eins og ungmennafélög, skátafélög, farfuglafélög.

Eftirmáli.

Eins og framanritaðar breytingartillögur vorar bera með sér, er það, sem fyrir oss vakir, að sem gleggst skilgreining á starfsemi Í. S. Í. annarsvegar og á íþróttakennslu skólanna hinsvegar komi sem greinilegast fram í frumvarpinu.

Það er álit vort, að allt það, sem viðkemur hinni frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, eigi að koma til umsagnar og samþykktar Í. S. Í. á hverjum tíma. Það er verkefni Í. S. Í. að samræma íþróttastarfsemina í landinu, með útgáfu íþróttabóka, reglugerða og allskonar leiðbeiningum um íþróttir, kappleika og íþróttamót, sem varða alla þá, er taka virkan þátt í íþróttahreyfingunni, svo að allir keppi eftir sömu leikreglum, hvar sem er á landinu. Enda er verkefni Í. S. Í. einnig, fyrir utan það, sem fram er tekið í frumvarpinu, að staðfesta islenzk met og skrásetja þau, skipuleggja íþróttamótin, löggilda íþróttabúninga félaganna, og yfirleitt að hafa á hendi hið faglega íþróttastarf í landinu.

Þá viljum vér geta þess, að það er af óhjákvæmilegri nauðsyn, að Í. S. Í. hefir gerzt fulltrúi Íslands í íþróttamálum, bæði inn á við og út á við, og hefir orðið að ganga í ýms alþjóða-íþróttasambönd, eins og t. d. Íþróttasamband áhugamanna (I. A. A. F.), Knattspyrnusambandið (F. I. F. A.), Sundsambandið (F. I. N. A.), svo og Fimleikasamband Norðurlanda (N. G. F.) og Róðrarsamband Norðurlanda (N. R. F.), til þess að íslenzkir íþróttamenn gætu fengið að keppa eða sýna íþróttir erlendis.

Á síðasta aðalfundi Í. S. Í., 23. og 24. júní 1938, var kosin sérstök nefnd til að athuga framtíðarskipulag Í. S. Í. og gera tillögur þar um. Ein af tillögum nefndarinnar er sú, að Í. S. Í. fái sérstakan framkvæmdarstjóra. Slík tilhögun mundi þýða aukin útgjöld fyrir Í. S. Í. Viljum vér því leggja það til, að hinn væntanlegi íþróttfulltrúi, sem frumvarpið fjallar um, yrði um leið framkvæmdarstjóri Í. S. Í., og yrði þess getið í skipunarbréfi hans og lagafrumvarpi þessu. Með þessu mundi sparast mikið fé, og enn nánara samstarf yrði milli þeirra aðila, sem yfirumsjón eiga að hafa með þessum menningarmálum, sem sé íþróttanefndinni, sem hefir umsjón með skólaiþróttunum og Í. S. Í. með hinni frjálsu íþróttastarfsemi. Samvinna milli þessara þriggja aðila er nauðsynleg og verður ávallt að vera sem allra bezt.

Þá viljum vér láta í ljós skoðun vora á öðrum liðum frumvarpsins. Vér mælum eindregið með því, að hert verði á íþróttakennslunni við kennaraskólann, og þá um leið á íþróttakennslunni við alla skóla landsins. Vér teljum, að einmitt skólarnir, og þá fyrst og fremst barnaskólarnir, eigi að hefja byrjunina á þessu uppeldis- og menningarmáli þjóðarinnar, og þegar kennararnir hafa verið búnir undir það starf sérstaklega í kennaraskólanum, þá virðist sem því ætti að vera borgið.

Hin bættu skilyrði til íþróttaiðkana við skólana, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru hin mesta nauðsyn, og mælum vér eindregið með henni. Í því sambandi viljum vér leyfa oss að benda á, að nauðsynlegt er að bæta sérstakri grein við III. kafla frumvarpsins, þar sem skólanemendum, er taka þátt í íþróttakeppni, sé gert að skyldu að láta lækni (íþróttalækni) skoða sig reglulega.

Þá viljum vér taka það fram, að vér teljum samvinnu þá, um byggingar á íþróttamannvirkjum, sem um getur í frumvarpinu, mjög æskilega, sem sé á milli íþróttafélaga, skóla, bæjarfélaga og sveitarstjórna. Með slíkri samvinnu allra aðila ætti að fást betri aðbúnaður til íþróttaiðkana og auðveldari í framkvæmd.

Um framkvæmd frumvarpsins og þeirra reglugerða, sem settar kunna að verða, fer að sjálfsögðu mikið eftir því fjármagni, sem íþróttanefndinni og Í. S. Í. verður ætlað. Og viljum vér eindregið benda á, að sá tekjustofn þarf að vera viss og öruggur; annars geta allar framkvæmdir tafizt og valdið á þann hátt mestu örðugleikum.

Að lokum væntum vér þess, að Í. S. Í. verði tryggt nægjanlegt fé til starfsemi sambandsins, og að það fari árlega vaxandi, eftir því sem tók eru á.

Í trausti þess, að þér takið hinar framangreindu tillögur vorar til athugunar og heppilegrar úrlausnar, kveðjum vér yður,

með vinsemd og virðingu,

f. h. Íþróttasambands Íslands

Ben. G. Wáge, Erlingur Pálsson. Frimann Helgason. Sigurj. Pétursson.
forseti Í. S. Í.

Álfit ofanritað í alla staði rétt. Tel hinsvegar 24. gr. frv. til íþróttalaga geta staðizt.

Ólafur Þorsteinsson
(með fyrirvara).